

**Sp.**

### **317. Þingsályktun**

um innflutning nýrra ávaxta.

(Afgreidd frá Sp. 22. jan.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að annast um, að innflutningur nýrra ávaxta verði aukinn svo og skipulagður, að landsmenn eigi ávallt kost á einhverri tegund þeirra. Jafnframt er ríkisstjórninni falið að gera með leyfisveitingum ráðstafanir til, að nýir ávextir séu keyptir í þeim löndum og á þeim árstímum, þegar varan er góð og tryggt, að innflytjendur flytji vöruna í kælrúmi á skipum og geymi birgðir, sem ekki á að nota strax, í öruggum geymslum hér á landi.